

Aðgangsviðmið fyrir viðskipta- og raunvísindasvið

Háskólans á Akureyri

Almenn lýsing

Stúdentspróf eða sambærileg menntun er skilyrði fyrir inngöngu í grunnnám við Háskólann á Akureyri.

Umsækjendur um nám við Háskólann á Akureyri þurfa að hafa góða almenna færni í íslensku og ensku, jafnt í ræðu sem riti. Þeir þurfa að vera færir um að tjá sig með formlegum hætti og geta tjáð og rökstutt skoðanir sínar og niðurstöður á skýran hátt. Einnig nýtist grunnfærni í þriðju kjarnagrein framhaldsskólans, stærðfræði, í öllu háskólanámi. Umsækjendur þurfa jafnframt að hafa traust tök á grunnþáttum upplýsingatækni og geta nýtt sér almenn ritvinnsluforrit, töflureikna, leitarvélar og önnur helstu forrit og hugbúnað í námi sínu.

Aðgangsviðmið fyrir BS gráðu í viðskiptadeild

Umsækjandi skal hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi.

Að auki er æskilegt að nemendur búi yfir hæfni á:

- 2. hæfniprepi í stærðfræði, einkum hvað varðar algebru, föll og tölfræði
- 3. hæfniprepi í ensku, einkum hvað varðar að skilja vel sérhæfða texta á svið sem þeir þekkja og geta tjáð sig af öryggi um margvísleg málefni

Akureyri 20. febrúar 2014,



deildarformaður viðskiptadeildar

Aðgangsviðmið fyrir BS gráðu auðlindadeild


Umsækjandi skal hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi.

Æskilegt er að nemendur hafi grunnþekkingu á náttúruvísindum.

Að auki er æskilegt að nemendur búi yfir hæfni á:

- 3. hæfniprepi í íslensku og ensku hvað varðar læsi á sérhæfðan texta, skilning á töluðu máli og hagnýtingu á fræðitextum
- 2. hæfniprepi í stærðfræði einkum hvað varðar algebru, rúmfræði, föll og tölfræði
- 2. hæfniprepi í eðlis-, efna- og líffræði.

Akureyri 20. febrúar 2014,



deildarformaður auðlindadeildar

Akureyri 20. febrúar 2014,



forseti viðskipta- og raunvísindasviðs



rektor